

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2411/98****frá 3. nóvember 1998****um viðurkenningu á auðkenni aðildarríkis þar sem skráð eru vélknúin ökutæki og eftirvagnar þeirra í akstri innan bandalagsins(\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum d-lið 1. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bandalagið hefur samþykkt tiltekinn fjölda ráðstafaana sem ætlað er að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðar sem myndar svæði án landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir í samræmi við ákvæði sáttmálans.
- 2) Nokkur aðildarríkjanna eru aðilar að Vínarsamningnum frá 1968 um umferð á vegum (4), hér á eftir nefndur „samningurinn“, en í 37. gr. hans er kveðið á um að á sérhverju vélknúnu ökutæki í akstri milli landa skuli, auk skráningarnúmers, vera auðkenni skráningarríkis ökutækisins.
- 3) Bandalagið er ekki aðili að þeim samningi en nokkur af aðildarríkjum þess sem eru aðilar að honum styðjast við ákvæði 37. gr. hans. Í þessum aðildarríkjum er þess krafist að á ökutækjum frá öðrum aðildarríkjum sé auðkenni sem kveðið er á um í 3. viðauka samn-

ingsins. Sum þessara aðildarríkja viðurkenna ekki önnur auðkenni á borð við þau sem eru á skráningarkerkjum sem eru ekki í samræmi við 3. viðauka samningsins, enda þótt á þeim séu tákn aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð.

- 4) Nokkur aðildarríkjanna hafa tekið upp skráningarmerki þar sem lengst til vinstri er blátt svæði með 12 gulum stjörnum sem standa fyrir Evrópufánann, ásamt auðkenni þess aðildarríkis þar sem ökutækið er skráð. Þetta auðkenni nægir að því er varðar flutninga innan bandalagsins, enda uppfylli það skilyrði 37. gr. samningsins um auðkenningu skráningarríkisins.
- 5) Aðildarríkjum, sem krefjast þess að á ökutækjum frá öðrum aðildarríkjum séu auðkenni skráningarríkisins, ber einnig að viðurkenna merkið eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa reglugerð.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:***1. gr.*

Þessi reglugerð gildir um ökutæki sem eru skráð í aðildarríkjunum og er ekið innan bandalagsins.

*2. gr.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Auðkenni aðildarríkis þar sem ökutæki er skráð“: einn til þrjú latneskir bókstafir með hástöfum sem eru tákn aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð.
2. „Ökutæki“: sérhvert vélknúð ökutæki og eftirvagn þess í skilningi:

– tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (1),

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 299, 10.11.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/1999 frá 25. júní 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 290, 24. 9. 1997, bls. 25 og Stjtið. EB C 159, 26. 5. 1998, bls. 16.

(2) Stjtið. EB C 95, 30. 3. 1998, bls. 32.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 1998 (Stjtið. EB C 80, 16. 3. 1998, bls. 210), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. júní 1998 (Stjtið. EB C 227, 20. 7. 1998, bls. 31) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. október 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Vínarsamningurinn frá 8. nóvember 1968, gerður á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

- tilskipunar ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 að því er varðar gerðarviðurkenningu tví- og þríhjóla vélknúinna ökutækja <sup>(?)</sup>.

*3. gr.*

Aðildarríkin, sem krefjast þess að á ökutækjum, skráðum í öðru aðildarríki, séu auðkennandi skráningarmerki þegar þeim er ekið á yfirráðasvæði þeirra, viðurkenna að auðkenni aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð, sem

er lengst til vinstri á skráningarmerkinu í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð, jafngildi öðrum einkennum sem þau viðurkenna sem tákn skráningarríkis ökutækisins.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 1998.

*Fyrir hönd ráðsins,*

**B. PRAMMER**

*forseti.*

---

(<sup>1</sup>) Stjtíð. EB L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/27/EB (Stjtíð. EB L 233, 25. 8. 1997, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Stjtíð. EB L 225, 10. 8. 1992, bls. 72. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum árið 1994.

## VIÐAUKI

LÝSING Á AUÐKENNI AÐILDARRÍKISINS ÞAR SEM ÖKUTÆKI ER SKRÁÐ SEM SKAL FEST  
LENGST TIL VINSTRI Á SKRÁNINGARMERKIÐ

FYRIRMYND 1 (dæmi)

**Litir:**

1. Blár endurskinsbakgrunnur (Munsell-viðmiðun 5,9 pb 3,4/15,1)
2. 12 gular endurskinsstjörnur
3. Auðkenni aðildarríkisins þar sem ökutæki er skráð, með endurskini í hvítum eða gulum lit

**Samsetning og mál:**

1. Blár bakgrunnur:

hæð = lágmark 98 mm

breidd = lágmark 40 mm, hámark 50 mm


2. Stjörnurnar 12 skulu vera í hring með 15 mm radius; bil á milli odda hverra tveggja stjarna = 4 til 5 mm

3. Auðkenni aðildarríkisins þar sem ökutæki er skráð:

hæð = lágmark 20 mm

breidd hvers auðkennisstafs = 4 til 5 mm

FYRIRMYND 2 (dæmi)



Pegar mál bláa bakgrunnins hafa verið minnkuð á skráningarmerkjum með tveimur línur (sjá fyrirmynd 2) og/eða á skráningarmerkjum sem ætluð eru fyrir tví- eða þríhjóla ökutæki, má minnka stjörnurnar hlutfallslega og auðkenni aðildarríkis sem skráð hefur ökutækið.